

Mótareglur

1. Fjöldi stigamóta fer eftir hversu mörg mót strandblaksnefnd BLÍ samþykkir eftir að umsóknarfresti lýkur (stefnt er að því að sterk mót verði ekki haldin á sömu helgi).
 - a. Stig út úr hverju móti reiknast eftir styrkleika móts. Í öllum mótum nema Íslandsmóti fást 100 stig fyrir sigur í 1. deild en 150 stig fyrir sigur í 1. deild á Íslandsmóti. Stigagjöf er hægt að skoða **hér**.
 - b. Stigafjöldi leikmanna í liði raðar liðinu í deild og innan deildar en það eru samanreiknuð stig úr síðustu 5 mótum hvors leikmanns fyrir sig (innan 24 mánaða) sem telja. Ef lið telur sig eiga vera í hærri deild en það reiknast í miðað við samanreiknaða stigagjöf er hægt að sækja um „Wild Card“ og mun þá nefnd skipuð þremur aðilum taka ákvörðun um hvort liðið eigi að fá að keppa í þeirri deild sem óskað er eftir. Nefndin er skipuð tveimur aðilum úr keppisstjórn móts og einum frá strandblaksnefnd BLÍ.
 - c. Stigameistari í hverjum flokki fyrir sig er sá sem hefur flest stig eftir sumarið.
 - d. Íslandsmót reiknast alltaf inn í heildarstigafjölda til stigameistara.
 - e. Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnháir þá er skoðuð röð keppenda í hverri keppni fyrir sig og sá sem hefur oftast raðast ofar í mótum raðast efst.
2. Leikmaður getur ekki spilað bæði í U-deildum og fullorðinsdeildum í sama móti og öfugt, s.s. ef leikmaður keppir í U-deild getur hann ekki spilað í fullorðinsdeild í því móti, en leikmaður getur spilað í þeim U-deildum sem keppt er í, í sama móti.
3. Stefnt er að halda 3-5 unglíngamót yfir sumarið og eru félög hvött til að sækja um að halda mót. Stefnt er á að halda íslandsmót unglínginga helgina á eftir Menningarnótt í Reykjavík.
4. Íslandsmót fullorðinna er stefnt á að halda helgina á undan Menningarnótt í Reykjavík.

Mótareglur

5. Það félag sem heldur stigamót sér algerlega um mótið allt frá því að auglýsa skráningu, taka á móti skráningum, raða niður mótinu, útvega verðlaun, framkvæmd mótsins og senda úrslit á fréttalista BLÍ.
 - a. Strandblaksnefnd BLÍ gefur út lágmarksverðskrá fyrir mótin, félögin sem halda mótið stjórna keppnisgjaldi á sínu móti (lagt til að lágmarkskeppnisgjald á móti sé 4.000 kr., fullorðins og unglíngamót).
 - b. Ef félagið býður upp á að lágmarki 1 námskeið (að lágmarki 4 klst (2x2 klst) hvert námskeið) fyrir börn og unglínginga fær það 80% af þátttökugjöldunum og BLÍ 20%.
 - c. Ef félagið heldur ekki að lágmarki 1 námskeið fyrir börn og unglínginga fær það 50% af þátttökugjöldum og BLÍ 50%.
 - d. Þær greiðslur sem sem renna til BLÍ fara til uppbyggingar á barna- og unglíngastarfi strandblaks hjá BLÍ og uppbyggingar á móta- og skráningarkerfi fyrir strandblakið.
6. Opna skal fyrir skráningu í mót að lágmarki 10 dögum fyrir mót og skráning lokar mánudagskvöld fyrir mót og keppnisplan er gefið út í síðasta lagi miðvikudag fyrir mót (skráning í Íslandsmót lýkur 3 dögum fyrr).
7. Keppnishaldari ákveður hvort keppt verður í riðlakeppni eða tvöfalt útsláttarfyriřkomulag á mótum.
8. Þau félög sem hafa áhuga á að halda stigamót næstkomandi sumar skulu senda inn umsókn til strandblaksnefndar BLÍ fyrir 1. febrúar ár hvert á bli.strandblak@gmail.com.
9. Með umsókninni skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar
 - a. Nafn félags.
 - b. Nafn tengiliðs.
 - c. Símanúmer tengiliðs.
 - d. Tölvupóstfang tengiliðs.
 - e. Fyrir hvaða deild er sótt um (karla, kvenna, unglínginga (U-19, U-15)).
 - f. Hvaða dag/daga mótið á að vera.

Mótareglur

- g. Hvar mótið verður haldið.
 - h. Hvað margir vellir eru til að halda mótið.
 - i. Hvort félagið ætli að vera með námskeið fyrir börn og unglinga og þá hvenær.
 - j. Hvað mörg námskeið verða haldin.
 - k. Hvaða daga námskeið verði haldin (lágmark eitt 4 tíma (2x2) námskeið).
10. Mótanefnd strandblaks gefur út keppnisdagatal ekki síðar en 4 vikum eftir að umsóknarfresti lýkur.
11. Keppendur raðast niður í mótið eftir samanlögðum stigafjölda þeirra úr síðustu 5 mótum þeirra (innan 24 mánaða tímabils).
- a. 8 stigahæðstu liðin raðast sjálfkrafa í 1. deild (seeded).
 - b. 8 næstu í 2. deild.
 - c. 8 næstu í 3. deild og svo framvegis eftir fjölda keppenda í móti.
 - d. Ef fjöldi keppenda í móti fyllir ekki upp í deild raðar keppnisstjórn mótinu upp á hagstæðastan hátt þó það þýði að fækka þurfi í næstu deild fyrir ofan.
 - e. Keppendur sem telja sig eiga heima í 1. deild en eru með lágt stigaskor þar sem þeir hafa ekki getað tekið þátt í mótum geta sótt um „Wild Card“ til keppnisstjórnar fyrir lok skráningarfrests og mun nefnd (sjá lið 1) meta það og svara í síðasta lagi kl 12:00 á hádegi daginn eftir.
12. Ef lið mætir ekki til leiks í úrslitum eða undanúrslitum móts þá missa leikmenn öll þau stig sem þeir hafa unnið sér inn síðustu 2 ár og eiga ekki möguleika að fá „Wild Card“ í næsta móti sem þeir keppa í (nema þeir séu veikir og framvísi læknisvottorði eða slasist).
13. Keppnisgjald skal greiða áður en skráningarfrestur er liðinn og fæst ekki endurgreitt.
14. BLÍ útvegar verðlaun fyrir Íslands- og stigameistara ár hvert.